

Styrktarsamningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis

við Heimili og skóla

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur ákveðið að veita Heimili og skóla – landssamtökum foreldra styrk á grundvelli 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og fjallar þessi samningur um þá styrkveitingu. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, er í samningi þessum nefnt ráðuneyti, Heimili og skóli – landssamtök foreldra, kt. 421092-2229, eru í samningi þessum nefnd HS.

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Stuðla að bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna og ungmenna með því að hvetja til og styðja við jákvætt og öflugt samstarf heimila og skóla.
- Styðja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólastarfi, efla foreldrasamstarf með stuðningi við skóla, svæðasamtök foreldrafélaga, foreldraráð leik- og framhaldsskóla, skólaráð grunnskóla og foreldrafélög allra skólastiga.
- Tryggja framgang stefnu sbr. fjármálaáætlun 2020-2024 á:
 - Málefнасviði 18 - Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál í málaflokki 18.3 – íþróttar- og æskulýðsmál
 - Málefнасviði 20 - Framhaldsskólastig í málaflokki 20.1 – Framhaldsskólar.
 - Málefнасviði 22 - Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála í málaflokki 22.1 - leikskóla- og grunnskólastig.

1.2. Starfsemi

- Annast símaráðgjöf fyrir foreldra nemenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Veita upplýsingar öllum þeim sem óska leiðbeiningar og ráðgjafar, ekki einungis félagsmönnum Heimilis og skóla. Markmið símaráðgjafar er að aðstoða aðila við að fylgja eftir málum ef þörf krefur þannig að viðeigandi úrlausn finnist hverju sinni. Símaráðgjöfin nái að lágmarki yfir fyrirspurnir í tengslum við lög um skólahlald, reglugerðir við lögin og aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla. Einnig er veitt ráðgjöf í gegnum tölvupóst og samfélagsmiðla. Ráðgjöfinni sinna starfsmenn sem hafa reynslu af ráðgjöf og þekkingu á skólakerfinu, skrá hana og greina þannig ljóst sé yfir hvaða þáttum skólastarfs er kvartað eða óskað upplýsinga um. Gæta skal persónuverndar gagnvart viðmælendum.
- Annast þjónustu og upplýsingagjöf við foreldraráð og foreldrafélög í leik-, grunn- og framhaldsskólum og fulltrúa foreldra í skólaráðum grunnskóla, skólanefndum sveitarfélaga, foreldraráðum leik- og framhaldsskóla og skólanefndum framhaldsskóla sem miðist við að treysta sem best starfsemi þeirra.
- Annast gerð og uppfærslu netfangagrunns yfir foreldraráð, skólaráð og foreldrafélög í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
- Annast frekari uppbyggingu og viðhald á vefsíðu samtakanna með aðgengilegum upplýsingum, á íslensku og öðrum tungumálum eftir því sem við verður komið, fyrir foreldra um mál er varða uppeldi og aðkomu foreldra að skólastarfi sem og upplýsingar til foreldraráða, skólaráða, foreldrafélaga og bekkjarfulltrúa.
- Taka þátt í stefnumótun stjórnvalda um menntamál, íþróttar- og æskulýðsmál og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við yfirvöld.

- Efla svæðasamtök foreldrafélaga. Markmið þess er að efla starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga á landinu og koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum samstarfsvettvang þar sem miðlað er reynslu og þekkingu. Með þessu móti er stuðlað að því að foreldrar sjái hvað þeir geta lagt af mörkum til að bæta skólasamfélag sitt.
- Ráðuneytið getur einnig óskað eftir því að Heimili og skóli taki að sér önnur verkefni í þágu foreldrahreyfingar á samningstímabilinu sem samningsaðilar eru ásáttir um að rúmist innan samningsins. Rúmist ný verkefni ekki innan samnings má gera viðauka við samninginn.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.2. HS starfar samkvæmt lögum samtakanna sem birt eru á vef þeirra og var síðast breytt 17. maí 2019.
- 2.3. HS starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðila en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins. Eftirfarandi lög og reglugerðir kunna því að eiga við:
 - Lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
 - Reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004.
 - Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.
 - Upplýsingalög nr. 140/2012.
 - Stjórnsýslulög nr. 37/1993.
 - Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016.
 - Samkeppnislög nr. 44/2005.
 - Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
 - Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

3. Styrkveiting

- 3.1. Heildarskuldbinding samningsins er 100 m.kr. og árlegt framlag ríkisins er 20 m.kr. á samningstímanum.
- 3.2. Framlag ríkisins skv. samningi þessum tekur breytingum í samræmi við almenna verðlagsuppfærslu í fjárlögum.
- 3.3. Framlag í samningi þessum kemur frá málaflokki 22.1 – leikskóla- og grunnskólastig og fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 22 - Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 3.4. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málefnasviðs 22 í málaflokki 22.1 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málefnasvið 22 og málaflokk 22.1 hjá HS.
- 3.5. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.6. Styrkurinn er greiddur í tveimur hlutum þannig að 2. janúar ár hvert greiðist helmingur styrksins og 1. júlí greiðist seinni helmingur styrksins. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka HS, reikningsnúmer 0336-26-008050.

4. Ábyrgð Heimili og skóla

- 4.1. HS ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. HS skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.

- 4.2. HS ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.3. HS er óheimilt að:
- Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. HS skilar ráðuneytinu:
- Áætlun um rekstur ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok febrúar ár hvert.
 - Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert.
- 5.3. Eigi HS í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 5.4. Fulltrúar ráðuneytis og HS funda að lágmarki árlega um samninginn að frumkvæði ráðuneytisins.
- 5.5. Fyrir lok júní ár hvert skilar HS ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samburði við áætlun.
- 5.6. HS veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálfst eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 5.7. Samning þennan, ársreikning HS, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef HS jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.8. HS setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir samningsins, svo sem skýrslur, fræðsluefni og leiðbeiningar.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. HS tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir stofnunin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli HS ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2024.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski HS eftir nýjum samningi, þegar gildistími þessa samnings er runninn út, skal það koma því formlega á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur


út. Með slíkri beiðni skulu fylgja gögn og upplýsingar um framkvæmd og árangur þessa samnings.

- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki.

Reykjavík 3. febrúar 2020



Mennta- og menningarmálaráðherra
Lilja D. Alfreðsdóttir



f.h. Heimili og skóla
Sigrún Edda Eðvarðsdóttir